



Greinargerð

Lögð fyrir velferðarnefnd 4. apríl 2019

Ástæða:

AA samtökin eru að missa húsnæðið sem þau hafa nýtt til fundahalda. Húsnæðið verður rifið til þess að rýma fyrir breytingum og stækkun á leikskólanum Eyrarskjóli.

Fjárhagsupplýsingar:

Sótt er um styrk að upphæð kr. 15.000,- á mánuði frá 1. apríl 2019 að telja.

Áður veitt aðstoð:

Styrkur sem veittur hefur verið í gegnum millifærslukerfi og hefur bókast sem tekjur á Eignasjóð en gjöld á 02-610/Áfengis- og vímuefnavarnir.

Aðrar upplýsingar:

Ekki var gert ráð fyrir millifærslum vegna leigunnar á árinu 2019 í ljósi þess að rífa átti húsið í ársbyrjun. Velferðarsvið hafði hug á að reyna af fremsta megni að finna annað húsnæði í eigu Ísafjarðarbæjar í samvinnu við AA-samtökin en ekkert húsnæði fannst sem hentaði starfseminni.

Tillaga starfsmanns:

Velferðarnefnd samþykki að veita AA samtökunum styrk til leigugreiðslu fyrir fundaaðstöðu í Salem frá 1. apríl, til og með 31. desember 2019, að upphæð kr. 135.000,-. Ekki þarf að gera sérstakar ráðstafanir í fjárhagsáætlun 2019 vegna þessa.

Virðingarfyllst,

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs